

133

13. júlí

## REGLUR

um starfrækslu talstöðva, sem landssíminn lætur á leigu gegn ákveðnu viðskiptagjaldi (í verstöðvum o. þ. l.).

1. Talstöðvarnar eru opnar til takmarkaðra viðskipta á öldutiðnum, sem leyfisbréf heimilar.
2. *Um talstöðvar þessar mega ekki önnur viðskipta fara fram en þau, er beint varða atvinnurekstur leigutaka, svo sem veðurfregnir, aflafréttir, tilkynningar um komu- og burtfarartíma skipa og aðrar þarfir skipa í höfnum, tilkynningar um síldarleit, löndunartilkynningar til skipa o. þ. h.*
3. Einu sendendur og viðtakendur skeyta um stöðvar þessar eru leigutaki og umboðsmenn hans. Ekki er leyfilegt að veita viðtöku skeytum, sem ætluð eru afgreiðslu á hinu almenna fjarskiptakerfi, en þó er heimilt að taka skeyti til skipa frá næstu strandarstöð, ef hún óskar þess, og þá endurgjaldslaust, enda sé þá gætt ítrustu nærfærni um að trufla ekki hina almennu talskeytaafgreiðslu.
4. Stöðvum þessum er skylt að halda sérstaka radió-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvarinnar, svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.
5. Talstöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannlífa á sjónum, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum, fyrr en neyðar- og öryggisþjónustunni er lokið.
6. Í leyfisbréfi talstöðva þessara er tilgreint kallmerki þeirra. Leigutaki ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna, en að öðru leyti fer um kjör eftir IV. kafla A. 5. og 6. lið gjaldskrár og reglna fyrir landssímamann frá 21. apríl 1950.
7. Stöðvar þessar skulu starfræktar af talstöðvarvörðum og skulu þeir hafa skírteini gefið út af póst- og símamálastjórninni. Talstöðvarverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, er ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.
8. *Boð og orðsendingar* frá skipum er hægt að afhenda viðtakanda með sendimanni eða í gegn um síma eða í símskeyti. Gjald fyrir símtöl eða símskeyti í þessu skyni, sem afgreidd eru á fjarskiptakerfi landssímans, ber leigutaki ábyrgð á.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 13. gr. reglugerðar um rekstur radióstöðva frá 20. júní 1945 og ganga í gildi 15. júlí 1951.

*Póst- og símamálastjórnin, 13. júlí 1951.*

**Guðmundur Hlíðdal.**

*Einar Pálsson.*